

Sýning á Listahátið í Reykjavík 1980

Stjórn Kjarvalsstaða: Sjófn Sigurbjörnsdóttir, formaður
Guðrún Helgadóttir, varaformaður
Davíð Oddson
Jón Reykdal

Þorgerður Ingólfssdóttir

Forstöðumaður Kjarvalsstaða: Alfреð Guðmundsson

Listráðunautur Kjarvalsstaða: Þóra Kristjánsdóttir

Hönnun sýningar og sýningarskrár: Leifur Breiðfjörð

Sýningarnefnd: Elin Pálmadóttir

Hulda Valtýsdóttir

Jóhannes Jóhannesson

Kjartan Thors

Leifur Breiðfjörð

Snorri Helgason

Þóra Kristjánsdóttir

Þorvaldur Skúlason

Aðstoðarmenn: Águst Petersen

Guðmundur Benediktsson

Stefán Halldórsson

Setning: Texti h/f

Prentun: Grafik h/f

Bókband: Félagsbókbandið

GERÐUR HELGADÓTTIR

KRISTJÁN
JONSDÓTTIR


GERÐUR HELGADÓTTIR

KJARVALSSTAÐIR

LISTAHÁTIÐ Í REYKJAVÍK 1980

1. JÚNÍ — 27. JÚLÍ OPIN KL. 14 — 22





LISTAMANNASKALINN I REYKJAVÍK ÓENKASÝNING

"-Ég vil sýna næst í Reykjavík, en er líklega ekki alveg tilbún í það ennþá," sagði Gerður Helgadóttir í blaðaviðtali sumarið 1974. Af því varð ekki. Tæpu ári síðar féll hún frá, 47 ára að aldri - og klippt á þráðinn.

En nú gefur hér á Kjarvalssjónum að líta verk, sem spanna liistamannsferil hennar, allt frá 1946, er hún hóf nám í Handiða og myndlistaskólanum í Reykjavík. Gefur það e.t.v. ófullkomna hugmynd um hve gífurlega miklu hún kom í verk á þeim rúmum 30 árum, sem henni gáfust til listsköpunar, enda bjó hún erlendis allan þann tíma og af eðlilegum ástæðum dreifðust verk hennar þar.

Ég leyfi mér að tilfæra orð listakonunnar Barböru Árnason, sem hún skrifði við fráfall Gerðar: - Ég efast um að þjóðin muni nokkurn tíma gera sér grein fyrir hve mikil hún hefur misst. Sjálf hefi ég alltaf sett hana ofar öðrum íslenzkum myndhöggvurum - jafnvel miklu ofar. En hún þurfti meiri tíma til að opna augu fólk sín fyrir þeiri staðreynd.

Sjálf hafði Gerður hugsað sér að vinna ný verk á sýningu sína í Reykjavík, vel meðvitandi þess að verk hennar síðustu 10-15 árin eru meira og minna "naglfost" í kirkjum og opinberum stöðum erlendis, mest í Þýzkalandi og Frakklandi, og hér heima, þar sem hún var aftur farin að vinna slik verkefni, sér til mikillar ánægju. Ég minni á mosaikmyndina á Tollstöðinni, kirkjugluggana í Ólafsvík og veggskálptúrana í Hamrahliðarskóla, sem hluti er af hér á sýningunni. En hugmynd um verk hennar erlendis má sjá hér á sýningunni á myndum og skyggnum.



TVÆR SYSTUR. ÆSKUVERK FRÁ 1947



BRONSMYND, 1972

SELLÓLEIKARINN, 1950




Gerður kynntist fyrst efniviði og möguleikum sjálfrar sín til höggmyndagerðar 18 ára gömul, í Handíða- og myndlistaskólanum. Um leið tók hún sjálf að móta í leir og höggva í grágrýti nokkuð grófar, efnismiklar myndir í fjörunni hjá Sigurjóni Ólafssyni. Má síðan sjá hvernig skulptúrar hennar verða jafnt og þétt finlegri þegar árin líða, og efnisval í samræmi við það. Hún vinnur alnatúralistiskar myndir í leir og marmara í listaskólanum í Flórens, 1948-49, figurativar og nokkuð stilfærðar myndir undir áhrifum meistara Zadkins á fyrsta Parisarárinu 1950. En myndir hennar færast brátt yfir í abstrakt form og krefjast nýs efniviðar. Þá taka við járnskulptúrar, sem þróast með árunum yfir í þessar finlegu, flóknu stálvíramyndir, bæði úr lofti og á gólf. Og loks tekur Gerður að braða brons og koparþræði í skulptúra með kynlegri hrynjandi og hreyfingu. Og eru margir gripir, krossar, altöru o.fl. í erlendum kirkjum einmitt þannig unnar. Líka brá hún fyrir sig öðrum málmum, svo sem gulli og járni, en sú samsetning er í Karlamagnúsarkrossi hennar í hinni gömlu dómkirkju í Achen.

Undir lok sjötta áratugarins var Gerður tekin að vinna listaverk úr steindu gleri og blíyi og síðar úr gleri og steypu, sem tók mikið af hennar tíma næstu árin. Enda prýða steindir gluggar hennar fjölmargar kirkjur í Þýskalandi og í Frakklandi, svo og hér á landi. Voru Skálholtskirkjugluggarnir með fyrstu stórverkum af því tagi á árinu 1959. Þar með hófst samvinna hennar og hins þekkta listiðnaðarverkstæðis Oldtmansbræðra, sem stóð í raun fram yfir látt hennar. Og hafa þeir bræður unnið steinda glugga eftir Gerði, sem sjást í fyrsta sinn hér á sýningunni og eru í eigu Menningar- og listasafns Kópavogs.



STEINDUR GLUGGI Í SKÁLHOLTSKIRKJU 1960



SKÜLPTÚR 1969-70

Listhneigð hefur Gerður Helgadóttir sjálfsagt haft úr föðurhúsum. Helgi Pálsson, faðir hennar, var tónskáld gott, og Sigriður móðir hennar Erlendsdóttir frá Sturlureykjum málaði ung og kenndi listsaum. Gerður fæddist á Norðfirði 11. apríl 1928, en fluttist til Reykjavíkur 9 ára og gekk þar í gagnfræðaskóla. Þótt Kurt Zier, kennari hennar í Handíðaskólanum, mælti ákaft með námsstyrk fyrir hana við listaakademíuna í Kaupmannahöfn, fór hann annað. Samstarfsmenn föður hennar hjá Sólumiðstöð hraðfrystihúsanna komu þá til hjálpar og sendu hana til Ítalíu - þar sem þeir seldu fisk sinn og taldi hún mikið lán að hafa lent þar. Hún tók próf í Listaakademíuna í Flórens og flaug inn. 1950 hóf hún nám í París hjá myndhöggsvaranum fræga Zadkin. En eftir 1951 vann hún ávallt ein i vinnustofu sinni. Hún eignaðist litla vinnustofu í París. Og síðar keypti hún bændahús í Avranville, sunnan við París, og bjó sér vinnustofu í hlöðunni. En Gerður burfti mikið vinnurými og háa veggi vegna staékkana á gluggateikningum. Þetta hús, Tröllanes, létt hún fyrir annað býli vestan við París, í Cheval Mort. Þá var hún gift franska listmálaranum Jean Leduc, en er þau skildu varð hún lögum samkvæmt að selja húsið og skipta eignunum. Tók þá það til bragðs að kaupa sveitahús í Suður-Hollandi með stórra hlöðu, en undi sér þar ekki ein fjarri París. Og hún var flutt 1972 aftur til heimsborgarinnar og leigði vinnustofu.

Gerður hafði seinni árin orðið lítinn tíma til að sinna eigin skulptúrum og sýningum, að henni fannst. - Ég er á eillfum þeytingi um Evrópu út af sérstökum verkefnum, sem aðrir hafa valið mér, sagði hún. En stóru verkefnin kröfðust tillagna og samkeppna, sem hún vandaði til, enda missti hún ekki nema 1-2 sinnum af verkefni sem hún söttist eftir. Og alltarf var hún viðstödd eða var með í þeim verkefnum sem burfti idnaðarmenn til að vinna.

Þótt sýningum fækkaði seinni árin, hafði Gerður þó tekið þátt í 52 sýningum, þar af haldið 15 einkasýningar viðs vegar. Hefi ég þó orðið vör við að ekki er allt fram talið.



EVANGELISCHE KIRCHE, KEMPEN, DÝSKALANDI 1971

Mikið af þeim listaverkum Gerðar Helgadóttur sem hér eru sýnd, eru úr eigu Lista- og menningarsjóðs Kópavogs, bótt einnig séu fengin að láni verk úr einkaeigu. En systkini hennar, Erlendur, Snorri, Unnur og Hjörðis, gáfu þangað snemma árs 1978 listaverk þau sem í dánarbúlinu voru, þ.e. allar frummyndir og eitt eintak af afsteypum, sem þau höfðu látið gera, ásamt skíssum, teikningum og tillögum. Er gert ráð fyrir að byggt verði í Kópavogi listasafn, er beri nafn Gerðar og geymi listaverk hennar, en gegni að óðru leyti hefðbundnu verkefni listasafns. En höfundarréttur fylgir til stjórnar safnsins.

Að sjálfsögðu er nokkuð tilvilkjun háð hver af verkum Gerðar lenti hér heima. Er hún fluttist frá Ítalíu til Parísa sendi hún heim verk sín, einnig tók hún vegna þessara 3 einkasýninga, sem hún hélt í Reykjavík, með sér verk heim 1952, 1956 og 1962 eða vann þau heima. Og einstöku verk barst óðru vísi. En þau verk dreifðust að sjálfsögðu nokkuð. Að Gerði látlínni voru flutt heim þau verk hennar, sem enn fundust í vinnustofu hennar í París.

Er þessi listaverkagjöf til Lista- og menningarsjóðs Kópavogs vegleg og stórhuga, og mun halda til haga þeim verkum Gerðar, sem ekki festust erlendis og þannig væntanlega veita ánægju um ókomna framtíð fleirum en annars hefði orðið. En bæði hérlandis og erlendis eru í kirkjum og viðar verk, sem ferðafólk getur skoðað, bótt sum þeirra líti sjálfsgagt fáir Íslendingar augum, svo sem bronsgosbrunninn í læknaskólanum í Mallíóveldinu, sem þar spýtir vatni út á háskólaþóðina.

Kjarvalsstaðir hafa nú, á þessari listahátið 1980, sýnt þá rausn að koma upp þessari sýningu á verkum Gerðar Helgadóttur og gefa þannig kost að sjá þau og njóta.

Elin Pálmadóttir



Helstu listaverk Gerðar á opinberum stöðum

Steindir gluggar:

- | | |
|------|--|
| 1957 | Saurbæjarkirkja (fyrsti gluggi) Íslandi |
| 1957 | Kapella Elliheimilisins, Reykjavík |
| 1960 | Skálholtskirkja, Íslandi |
| 1961 | Kath. Kirche, Monschau, Þýzkalandi |
| 1963 | Kópavogskirkja, Íslandi |
| 1963 | St. Antonius Abbas, Herkenrath, Þýzkal. |
| 1963 | Saurbæjarkirkja, Íslandi |
| 1964 | Evangelische Gemeindezentrum, Essen, Ruttenscheid, Þýzkal. |
| 1966 | La Chapelle de Melanchten-kirche, Düsseldorf, Þýzkal. |
| 1966 | Gluggi í Neskirku, Reykjavík |
| 1971 | Evangelische Kirche, Kempen, Þýzkal. |
| 1974 | Ólafsvíkurkirkja, Íslandi |

Kirkjumunir:

- | | |
|------|--|
| 1961 | Oblátubuður í St. Anna kirkju, Duisburg, Þýzkal. |
| 1961 | Helgiskrín o.fl. í kirkju St. Pierre le Peil, Cantal, Frakki. |
| 1966 | Tveir krossar í Malanchton kirkju, Düsseldorf, Þýzkal. |
| 1969 | Kross fyrir Caritasheim kirkju, Düsseldorf-Rath Helgiskrín sömu kirkju, Þýzkalandi |
| 1969 | Karlus-Magnus Embleme, Schatzkammer, Dómkirkjunni, Achen, Þýzkal. |
| 1971 | Helgiskrín, Kapólska kirkjan, Dürboslar, Þýzkal. |

Önnur listaverk:

- | | |
|------|---|
| 1956 | Veggskulptúr úr járni í kaffihúsi "Chez Benjamin" Rue Rivoli, París |
| 1957 | Járnlíra fyrir tónlistarmiðstöð Centre Int. d'Etude pour la Promotion de l'Enregistrement Sonor París |
| 1970 | Gosbrunnur úr bronsi í læknaskólanum, Bamaco, Mallíóveldinu í Afriku |
| 1970 | Bronsskulptúr við 17 Rue Amelie, París |
| 1971 | Veggmyndir í steypu, GG fyrirtæki í Reykjavík |
| 1972 | 3 veggmyndir í steypu á Neubau skóla, Herchen Þýzkal. |
| 1973 | Mosaikmynd á Tollstöðinni í Reykjavík |
| 1974 | Mosaikmynd Kreis- und Stadtsparkasse banka, Jülich, Þýzkal. |
| 1975 | Mosaikmynd í Samvinnubankann, Reykjavík |
| | Bronzskulptúr, sama banka |
| 1977 | 3 veggskulptúrar í Menntaskólanum í Hamrahlið, Reykjavík. (Settir upp þá) |

Sýningar, sem Gerður átti verk á:

- | | |
|------|--|
| 1949 | Nemendasýning Listaskólans, Flórens |
| 1949 | Samsýning Italskra listaskóla, Feneyjum |
| 1950 | Gallerie Saint Placide, París. Samsýning |
| 1950 | Salon de Mai, París. Samsýning |
| 1950 | Norræn samsýning, Helsingfors |
| 1951 | Gallerie Colette Allendy, París. Einkasýning |
| 1951 | Salon de Mai, París. Samsýning |
| 1951 | Íslensk samsýning, Oslo. |
| 1952 | Gallerie Arnaud, París. Einkasýning |

1952 Gallerie Babylon, Paris. Samsýning
 1952 Salon de la Jeune Sculpture, Paris. Samsýn.
 1952 Palais des Beaux Arts, Bruxelles. Ísl. samsýn.
 1952 Listamannaskálínn, Reykjavík. Einkasýning
 1953 Vorsýning, Listamannskálanum, Rvík.
 Samsýning
 1953 Gallerie Apollo, Bruxelles. Einkasýning
 1953 Gallerie Arnaud, Paris. Einkasýning
 1953 Gallerie Parnass, Wuppertal-Elberfeld.
 Einkasýning
 1953 Aix-en-Provence, Frakklandi. Samsýning
 1953 Salon des Realites Nouvelles, Paris. Samsýn.
 1953 Tate Gallery, London. Samsýning
 verðlaunamynda af pólitiska fanganum.
 1953 Norraen samsýning, Oslo
 1953 Norraen samsýning, Bergen
 1954 Gallerie Parnass, Wuppertal-Elberfeld.
 Samsýning
 1954 Gallerie Arnaud, Paris. Einkasýning
 1954 Divergences, Gallerie Arnaud, Paris.
 Samsýning
 1954 Rádhús Kaupmannahöfn. Íslensk samsýning
 1954 Listsýning til Rómar. Listamannskálanum,
 Reykjavík
 1955 Samnorraen listsýning, Róm
 1955 Salon Des Arts Menager, Paris. Samsýning
 1956 Moderne Listasafnið, Paris. Samsýning
 1956 Salon des Réalités Nouvelles, Paris.
 Samsýning
 1956 Salon de la Jeune Sculpture, Paris.
 Samsýning
 1956 Galerie Stadler, Paris. Samsýning
 1956 Bogasal Þjóðminjasafnsins, Rvík.
 Einkasýning
 1957 Þjóðminjasafnið, Reykjavík, Samsýning
 1957 Salon d'Arts Sacré, Paris. Samsýning
 1958 Galerie la Roue, Paris. Einkasýning
 1960 Norraen list, Oslo. Samsýning
 1961 Salon de la Jeune Sculpture, Paris.
 Samsýning
 1961 Salon d'Art Sacré, Paris. Samsýning
 1961 Carlottenborg, Kaupmannahöfn.
 Samsýning
 1962 Galerie Parnasse, Wuppertal. Einkasýning
 1962 Musée Maison de la Culture, Sculpture
 Contemporaine, Le Havre. Samsýning
 1962 Expositions Manuel Rainoird, St. Tropez.
 Einkasýning
 1962 Bogasal Þjóðminjasafnsins, Rvík.
 Einkasýning
 1962 Galerie Greuze, nútímkirkjulist. Köln.
 Samsýning
 1967 Expo 1967, Montreal. Samsýning
 1969 Norðurlandasýning, Kaupmannahöfn.
 Samsýning
 1969 Sýn. steindum gluggum dr. H. Oldtmans,
 Linnich-Köln
 1970 Galerie Strunk- Hilgers, Rheydt-Odenkirchen
 1971 Norraen list, Reykjavík. Samsýning
 1972 Listamiðstöð "De Beejkurf", Venray-
 Holland. Einkasýning

Gerður Helgadóttir

Listaverk, þar sem eiganda er ekki getið sérstaklega eru
 úr dánarbúi Gerðar, gefin Lista og menningarsjóði
 Kópavogs af systkinum hennar.

Skúlptúr

1. Helgi Pálsson faðir Gerðar, brons, Reykjavík 1946
2. Björn Ólafsson fiðluleikari, brons, Reykjavík 1947
3. Einar Sigurðsson, gips, Reykjavík 1947
4. Höfuð, grágrýti, Reykjavík 1947
5. Stúlka, tré, Flórens 1948 Eig. Ingibjörg Ingibjartsd.
6. Liggjandi kona, gips, Flórens 1948
7. Stúlka, brons, Flórens 1948.
8. Sitjandi kona, brons, Florens 1948. Eig. Rannveig Bjarnadóttir
9. Hvíld, brons, Flórens 1948
10. Tvaer systur, brons, Flórens 1949.
11. Grettir og Glámur, brons, Flórens 1949
12. Liggjandi kona, terra cotta, Flórens 1949,
 Eig. Elín Pálmadóttir
13. Frónsk kona, brons, Paris 1949
14. Pierre, Terra cotta, Paris 1949. Eig. Hjálmar Bárðass
15. Trúðurinn Frank, brons, Paris 1950
16. Geir Kristjánss. rithófundur, brons, Paris 1949
17. Torso, brons, Paris 1949
18. Maternita, Móðir og barn, brons, Paris 1949
19. Terra cotta mynd, Paris 1949
20. Krjúpandi kona, brons, Paris 1950
21. Minnismerki um sjómenn í Vestmanneyjum, tillaga.
 brons, Paris 1950.
22. Sellóleikarinn, brons, Paris 1950
23. Tveir hljóðfaeraleikarar, brons, Paris 1950
24. Sitjandi kona, terra cotta, Paris 1950
25. Skjaldbökur, brons, Paris 1950
26. Abstraktion, brons, Paris 1950
27. Abstaktion, brons, Paris 1951, frummynd,
 Eig. Jakob Gíslason
28. Abstaktion, brons, Paris 1951
29. Abstraktion, terra cotta, Paris 1951
30. Abstaktion, brons, Paris 1951, stækkuð í 1.40 m. á
 Norðfirði.
31. Abstraktion, brons, Paris 1951
32. Abstaktion, terra cotta, Paris 1951
33. Skúlptúr, brons, Paris 1951, Eig. Elín Pálmað.
34. Kompositon, járn, Paris 1951, eig. Elín Pálmadóttir
35. Kompositon, járn, Paris 1951
36. Kompositon, járn, Paris 1952
37. Kompositon, járn, Paris 1952, eig. Elín Pálmadóttir
38. Kompositon, járn, Paris 1952
39. Kompositon, járn, Paris 1952
40. Kompositon, járn, Paris 1952
41. Skúlptúr, járn, Paris 1952, eig. Jón Magnússon hrl.
42. Óþekkti pólitiski fanginn, járn, Paris 1952
43. Mobil, járn, Paris 1952
44. Kompositon, járn, og kopar, Paris 1953
45. Kompositon, járn, Paris 1953
46. Móbil, járn, Paris 1954-1955
47. Skúlptúr, járn, Paris 1954
48. Festingin, járn og gler, Paris 1956

49. Síðsumar, járn og gler, Paris 1956
 50. Þjóðarsál í fjötrum, járn og gler, Paris 1956,
 Eig. Marta Thors.
 51. Skúptúr, járn, Paris 1957
 52. Skúptúr, járn, Paris 1957
 53. Skúptúr, járn, Paris 1958
 54. Skúptúr, járn, Paris 1958
 55. Skúptúr, járn, Paris 1958
 56. Öldufaldur, brons, Paris 1961. eig. Marta Thors
 57. Skrafskjóða, brons, Paris 1962
 58. Skúptúr, brons, Paris 1962
 59. Heilabrot, brons, Paris 1962-1963. eig. Elin Pálmað.
 60. Skúptúr, brons, Paris 1963
 61. Skúptúr, brons, Paris 1963
 62. Skipið, brons, Paris 1964
 63. Skúptúr, brons, Paris 1964
 64. Skúptúr, steinn og gler, Paris 1968
 65. Skúptúr, steinn og gler, Paris 1968
 66. Skúptúr, gips og gler, Paris 1968 Eig. Snorri Helgason
 67. Frummynd, gosbrunnur, brons 1970, Mali-
 lyðveldinu, Afriku 1970
 68. Bronsskúptúr, Paris 1970, Staekkuð í 2.50 m við
 sambýlishús í Paris
 69. Skúptúr, brons, Holland 1970
 70. Brot, brons, Holland 1970
 71. Skúptúr brons Holland 1970
 72. Kúptúr, brons, Holland 1970
 73. Hin eillfa hreyfing, brons, Holland 1970
 74. Hin eillfa hreyfing, brons, Holland 1970
 75. Skúptúr, brons, Holland 1970
 76. Bronsmynd, Paris 1972 eig. Dánarbú Sigurliða
 Kristjánssonar og Helgu Jónsd.
 77. Brons skúptúr, Paris 1973.

Lágmyndir

78. Lágmynd, brons, Paris 1951-1952
 79. Lágmynd, brons, Paris 1951-1952
 80. Lágmynd, brons, Paris 1951-1952
 81. Skammvinn kynni, brons, Paris 1968
 82. Lágmynd, brons, Paris 1967-1968
 83. Lágmynd, gips og gler, Paris 1967-1968
 84. Lágmynd, brons, Paris 1967-1968
 85. Lágmynd, brons, Paris 1967-1968
 86. Frummynd að Helgiskrini í kirkju í Dúrboslav
 þýskalandi, brons, 1971
 87. Hluti af Helgiskrini, brons, 1971
 88. Hluti af Helgiskrini, brons, 1971
 89. Hluti af Helgiskrini, brons, 1971
 90. Hluti af Helgiskrini, brons, 1971
 91. Hluti af Helgiskrini, brons, 1971
 92. Tillaga að bronsmeynd, Holland 1970-1971
 93. Lágmynd, brons, Holland 1971
 94. Tillaga að bronsmeynd, Holland 1971
 95. Tillaga að bronsmeynd, Holland 1971-1972
 96. Tillaga að bronsmeynd, Holland 1971-1972
 97. Bronsmynd, Holland 1971-1972
 98. Veggskúptúr, brons (miðhluti) eig. Menntaskólinn
 við Hamrahlið sett upp 1977.

Mosaik

99. Mosaik, 1970-1971
 100. Mosaik, 1971 (útfærð 1980)
 101. Mosaik 1972—1973. Eig. Torfi Hjartarson fv.
 tollstjóri
 102. Mosaik 1971 Eig. Elin Pálmaðóttir.

Steyptir gluggar 1968-1971

Unnir af verkstæði dr. Oldmans í Þýzkalandi,
 flestir 1980

103. Skúptúr, Steinsteypa og gler, Paris 1969
 104. Gluggi, Steinsteypa og gler Paris
 105. Gluggi, Steinsteypa og gler Paris
 106. Gluggi, Steinsteypa og gler Paris
 107. Gluggi, Steinsteypa og gler Paris
 108. Gluggi, Steinsteypa og gler Paris
 109. Gluggi, Steinsteypa og gler Paris
 110. Gluggi, Steinsteypa og gler Paris
 111. Gluggi, Steinsteypa og gler Paris Eig. Snorri Helgason
112-140 Steindir gluggar
 141. Skart og smáhlutir.
 142. Æskuverk og skólavinnna
 143. Klippmyndir, Paris 1953
 144. Frumdrög og skissur að veggmyndum
 145. Frumdrög að skúptúrum 1951
 146. Frumdrög að helgimyndum og skarti.

Frumdrög og vinnuteikningar að steindum gluggum

147. Tillögur að gluggum í Saurbæ 1957
 148. Frumdrög að steindum gluggum
 149. Frumdrög að steindum gluggum
 150. Drög að steindum gluggum fyrir Skálholtskirkju
 1960
 151. Frumdrög að gluggum í Kópavogskirkju. 1963
 152. Tillögur að mosaikmynd fyrir Kópavogskirkju.
 1971-1972
 153. Frumdrög að steindum gluggum fyrir Billenbrink-
 hohekirkju í Essen, þýskal. 1964.
 154. Vinnuteikningar að steindum gluggum fyrir kirkju í
 Ruttenscheid, Essen 1964
 155. Tillögur að steyptum glugga í kirkju í Kempen,
 Holland 1971.
 156. Frumdrög og vinnuteikning fyrir steinda glugga í
 kirkju í Herkenrath, þýskal. 1963.
 157. Frumdrög og vinnuteikningar fyrir steinda glugga í
 kirkju í Düsseldorf
 158. Frumdrög að steindum gluggum
 159. Drög að steindum glugga

KRISTÍN JÓNSDÓTTIR

KJARVALSSTAÐIR

LISTAHÁTIÐ Í REYKJAVÍK 1980

1. JÚNÍ — 27. JÚLÍ OPIN KL. 14 — 22



Um aldamótin höfst tímabil merkilegrar landslagslistar hér á landi og náði furðulegum þroska á ótrúlega skömmum tíma; hópur afburða málara kom fram er höfðu flestir alist upp í sveitum landsins og skynjuðu íslenska náttúru af djúpri innlifun og höfðu kunnáttu til að tjá sig í málverki.

Hér voru á ferðinni m.a. menn eins og Ásgrímur Jónsson, Jón Stefánsson, Kjarval, Júllana Sveinsdóttir og Kristín Jónsdóttir, sem öll máluðu landslagsmyndir af ástriköflum hrifningu.



A síðari árum hefur landslagslistinni hrakað verulega og polir illa samanburð við verk fyrirrennaranna, skapandi grósku verður sjaldan vart lengur, en andlausum eftirlikingum fer stöðugt fjolgandi. Það er því i hæsta máta tímabært að koma upp yfirlitssýningum á verkum frumherja íslenskrar myndlistar eins og Kristínar Jónsdóttur, sem er ekki aðeins meðal bestu landslagsmálara okkar, heldur málaði einnig myndir þar sem fólkid og umhverfi þess er meginuppistaðan, að ógleymdum kyrralifsmyndum, málum af óvenjulegu öruggi og leikni.


Nokkrum árum fyrir dauða sinn skrifaði hún grein um málalist og þar stóðu meðal annars þessi orð: "Málverk á ekki sitt listræna gildi í sögulegu fjalli, jafnvel þó að það hafi gosið hundrað sinnum, heldur í því sem listamaðurinn skynjaði í móttívinu, hvaða kenndir það snart í sál hans, ljóðræna hrifningu eða dramatiska, allt eftir skapgerð hans."

Þessi orð Kristínar varpa ljósi á þá listrænu hugsun sem verk hennar eru sprottin úr - málverk er í eðli sín sköpun fremur en eftirliking fyrirmynadarinnar sem hratt því af stað, - náttúran og máluð mynd er nefnilega tvennt ólikt, og sá sem ekki gerir sér þess grein mun aldrei skapa listaverk sem lífir vegna líta sinna og forma, - getur ekki orðið málari.

Kristín var fæddur málari og því er í myndum hennar auðlegð líta, ýmist dökkrar, djúprar og þróttmikilla eða mildra, bjartra og lýriskra. Þessum málverkum verður ekki lýst með orðum, þau verða að sjást og munu verða glitrandi þáttur íslensku menningarsögunnar um langan aldur.

Þorvaldur Skúlason





I GARDI 1952

Island paa Charlottenborg.



Frk. Kristin Jonsdotter.

For første Gang findeshaar mellem Udstillerne paa Charlottenborg en islandsk Kunstsnerinde. Mandlige Kunstsner har tidligere repræsenteret Island paa Udstillingen, men det er første Gang, en Dame har vovet sig derind.

Frk. Kristin Jonsdotter er en hej, slank, ung Dame, hvis Ansigt, der lyser af Redelighed, er preget af Ro og Energi. Trækene er kraftige, næsten haarde. Indtil hun smiler saa forsvinder alt det haarde, og Indtrykket bliver et ganske andet. Naar Frøken Jonsdotter smiler, er det, som naar Solen pludselig skinner over et mørkladent Landskab, hendes Smil er bande ubevidst og lidt genert og meget kvindeligt og fuldt af Sedme. For man har set Frk. Jonsdotter smile, kender man ikke hendes Ansigt. Dette Smil er saa fjernt fra Kafé og Asphalt, det er som et Stykke Natur, der hører sammen med den blaa Himmel over Islands Fjelde

Man venter uvilkærligt, at denne unge Dame, som har bevaret sit islandske Bonde-navn, ogsaa vil tale sit Fedess Sprog, og det virker helt underligt at here hende tale Dansk, ganske rent og uden nogen Akcent.

— Ja, jeg taler ogsaa islandsk, smiler Frk. Jonsdotter, hjemme paa Island. Men her taler jeg Dansk, jeg har jo været flere Aar her i København. Det er paa fjerde Aar, jeg gaar som Elev hos Professor Irminger.

— De har aldrig udstillet før?

— Nej ja, det vil sige, jeg havde en lille Udstilling i Efteraaret hjemme i Øfjord, for at de kunde se, hvad jeg havde lært. Men her har jeg aldrig udstillet før.

— Og De har aldig sendt noget ind før?

— Nej, det er første Gang, jeg har taget Mod til mig. Jeg syntes, at jeg nu havde saa meget staaende, og da jeg alligevel havde klistret det op, mente jeg, at jeg ville prøve at sende noget af det ind. Og jeg havde jo ogsaa den Glæde, at faa tre Billeder antaget — en Mængde fik jeg naturligvis i Hovedet igen. Det var for Resten lige ved, jeg ikke havde faaet Lov til at sende mine Billeder ind — Frk. Jonsdotter har overanstrengt sig og har derfor tilbragt et Par Maaneder paa Professor Jacobsons Klinik for at komme til Kræfter igen.

...Straumur menningarinnar er á sifelldri hreyfingu og oft ber hann sina ávexti á hinum óliklegustu stöðum. Menn mega því ekki stara sig blinda í aðdáun á aldagömlum afrekum, heldur alltaf vera reiðubúnir að ávaxta það pund, sem fortíðin hefur trúao þeim fyrir. Þegar sá sirkviki straumur staðnæmist til að bera ávexti, til dæmis í vísindum og listum, þá verður hver þjóð að þekkja sinn vitjunartíma. Það eru hinir skapandi andans afburðamenn allra tíma sem varða veg menningarinnar en skilningsleysi og hleypidómar leggja dauða hönd á líf hennar og þroska...

(úr grein eftir K.J. i Helgafelli 1954)

...En svo sannarlega sem lifið sjálf er ivaf og uppi-staða allra listaverka í hvaða formi sem þau birtast, svo gefur andinn einn efninu það líf sem gerir verkið að listrænni tjáningu. Því hver sem hugmyndin eða fyrir-myndin er, þarf verkið að vera gætt lífsanda sköpunargleðinnar eða því sem ég vil leyfa mér að kalla hina fjórðu "dimension" - hina fjórðu vidd eða svið listaverksins- með öðrum orðum: viðfeðmi andans, hvort heldur hann leitar inn á rökkurlönd dulhyggjunnar, að innsta kjarna og dýpstu uppsprettu allrar tilveru - eða hann velur sér viðfangsefni úr efnisheiminum - eða listamaðurinn beinlinnis byggir sér sinn eigin heim af innri sýn skapandi hugmyndaflugs- gefur verkinu æðaslop lífsins, hita skapgerðarinnar - já, glóð tilfinningananna, því allt verður betta svo undarlega lítils virði ef maður ekki - á bak við efnið - finnur hjarta slá.

(úr grein eftir K.J. i Helgafelli 1954)





Kristín Jónsdóttir fæddist að Arnarnesi við Eyjafjörð 25. jan. 1888. Foreldrar hennar voru Jón Antonsson útvegsbóndi og Guðlaug Helga Sveinsdóttir.

1909 hélt hún til Kaupmannahafnar og bjó sig undir myndlistanám í "Tegneskole for Kvinder".

1911 hóf hún nám í Konunglega listaháskólanum í Kaupmannahöfn og lauk þaðan prófi 1916. Var hún fyrst íslenskra kvenna sem lagði þar stund á slikt nám.

1912-1915 dvaldist hún heima á Íslandi á sumrin, ferðaðist viða um sveitir, einkum um Norður og Austurland og málaði fjölda mynda.

1915 voru myndir eftir hana sýndar í fyrsta sinn á Charlottenborg en þar átti hún myndir á flestum vor-sýningum til ársins 1921.

1915 hélt hún sýningu í fyrsta sinn á myndum sínum í Reykjavík ásamt Guðmundi Thorsteinssyni (Mugg) í húskynnum Miðbæjarskólans.

1916 hélt hún sérsýningu í Nya Konstgalleriet i Stokkhólmi.

1917 og 1920 hélt hún sérsýningar í sýningarsöulum Chr. Larsen við Höjbroplads í Kaupmannahöfn.

1921 fór hún í kynnisferð til Ítalíu og dvaldist um hríð í Róm, Flórens, Napólli og Feneyjum. Aðra ferð fór hún til Ítalíu 1922.

1924 hélt hún fyrstu sérsýningu sína í Reykjavík.

1928 — önnur sérsýning Kristínar í Reykjavík.

1932 — þriðja sérsýning hennar í húskynnum Landssímans.

1936 — fjórða sérsýning í eigin vinnustofu. Á Akureyri hélt hún þrjár sérsýningar og eina á Siglufirði.

1952 — hélt hún síðstu sérsýningu á verkum sínum í Listamannaskálanum og sýndi þá rúmlega 60 myndir.

1962 var haldin sýning á síðstu verkum hennar í Bogasal Þjóðminjasafnsins og á Akureyri 1963.

Erlend listasöfn hafa keypt verk Kristínar: Fyns Stifts Kunstforening, Statens Museum for Kunst í Kaupmannahöfn, Bergens Kunstforening og lista-safnið í Álasundi.

Kristín tók þátt í mörgum samsýningum íslenskra myndlistamanna bæði hér heima og erlendis, hinni fyrstu í húskynnum Kleis við Vesterbrogade í Kaupmannahöfn 1920, en síðar einnig í Þýskalandi, Noregi, Belgíu og á Ítalíu.

Hún tók virkan þátt í félagsstarfi íslenskra myndlistarmanna, skrifði greinar um málefni félagsins í blöð og flutti erindi í útvarp.

Kristín var gift Valþý Stefánssyni ritstjóra (d. 1963) og áttu þau tvær dætur, Helgu (d. 1968) og Huldu. Kristín Jónsdóttir lést 24. ág. 1959.





Kristin Jónsdóttir, Málverk:

(Óviss heiti í svigum. Bandstrik á undan ártali merkir að myndin er málúð viðkomandi ár eða fyrr)

1. Af Öskjuhlíð, -1940. Eig. Jóhanna Zimsen
2. (Uppstilling). Eig. Jón Sigtryggsson, fv. prófessor
3. Við Atlavík, -1945. Eig. Elín Hafstein
4. Haust á Þingvöllum, -1952. Eig. Sigríður Faaberg
5. Úr Almannagjá, 1952-1959. Eig. Torfi Hjartarson
6. Almannagjá, -1936. Eig. Jóhanna Zimsen
7. Hannes Hafstein, -1942. Eig. Póst- og símamálastofnunin
8. (Rigning á Þingvöllum). Eig. Björn Hallgrímsson
9. (Egilsstaðir), 1940-1958. Eig. Kristin Thors
10. Á Kaldadal, -1949. Eig. Geir Hallgrímsson
11. (Akrafjall, Viðey). Eig. Jón B. Þórðarson, kaupm.
12. Málverk. Eig. Niels Arnason, forstj.
13. Málverk, 1947-1958. Eig. Hulda Valtýsd., Gunnar Hansson
14. (Uppstilling), -1944. Eig. Jón Norðmann
15. Hestar, 1948. Eig. Þóra Steinþimisdóttir
16. Órfirisey, -1951. Eig. Helga Vilhjálmsdóttir, Magnús Magnússon
17. (Sólblóm). Eig. Sonja Diego
18. Ströndin, -1957. Eig. Björn Valgeirsson
19. Súlur, hestar (Áning), -1958. Eig. Friðrik Jörgensen
20. Kona, -1952. Eig. Björn Thors
21. Engjakaffi, -1942. Eig. Elín Magnúsdóttir
22. Blóm í giugga, -1958. Eig. Árni Gestsson
23. Frá Laufásvegi, -1945. Eig. Hulda Valtýsd., Gunnar Hansson
24. Þingvellir. Eig. Sláturfélag Suðurlands
25. Haust á Þingvöllum, -1938. Eig. Þórður Björnsson
26. (Uppstilling), -1935. Eig. Torfi Bjarnason, læknir
27. Frá Þingvöllum, 1945. Eig. Reykjavíkurborg
28. Málverk, ca. 1945. Eig. Hulda Valtýsd., Gunnar Hansson
29. í garði, 1951. Eig. Hulda Valtýsd., Gunnar Hansson
30. (Uppstilling), -1942. Eig. Hildur Júlfusdóttir
31. Hvíld, 1952-1958. Eig. Friðrik Jörgensen
32. (Frá Kaldadal), -1931. Eig. Sverrir Sch. Thorsteinsson
33. Valmúar, -1941. Eig. Jóhanna Claessen
34. Vogar, -1954. Eig. Björn Þorláksson
35. Hrafnabjörg, -1931. Eig. Jón Kristjánsson
36. Vitatangi, -1955. Eig. Hulda Valtýsdóttir
37. Hekla, 1934-1936. Eig. Sigríður Cl. Þorbjarnarson
38. Matur og drykkur, -1952. Eig. Jón Þorsteinsson
39. Heilagur Antonius og freistaingarnar, -1952. Eig. Hulda Valtýsdóttir, Gunnar Hansson
40. Á grasafljalli, 1952-1958. Eig. Hulda Valtýsd., Gunnar Hansson
41. Við Laufásveg, -1939. Eig. Þóra Óskarsdóttir, Þorsteinn Egilson
42. Við Þvottalaugarnar, 1931. Eig. Listasafn Íslands
43. Haust, 1947. Eig. Listasafn Íslands
44. Fiskverkun við Eyjafjörð, 1914. Eig. Listasafn Ísl.
45. Tindastólli, -1947. Eig. Hanna Pétursdóttir, símast.
46. Blóm og ávextir, -1953. Eig. Axel Einarsson, hrl.
47. Snæfellsjökull, -1942. Eig. Kristín og Einar B. Pálsson, verkfr.

48. Dyrhólaey, 1952. Eig. Rannveig Þór
49. Skógur í Norðárdal (Nørreadal), 1917.
 Eig. Sigrún Kærnesteð
50. (Kirkja við Næstved?), ca. 1917.
 Eig. Steinar J. Lúðvíksson, blaðam.
51. Frá Þingvöllum. Eig. Ísleifur Jónsson, kaupm.
52. Hólar í Hjaltadal, 1915. Eig. Gunnar Flóvenz,
 framkv.stj.
53. (Hraun í Fljótum), 1917. Eig. Sigriður Theódórsdóttir
54. (Frá Borgarklöppum, Vindheimajökull), -1915.
 Eig. Hrafnhildur Thors
55. (Sjóbúðirnar á Hraunum), -1923. Eig. Franz E.
 Pálsson, deildarstjóri
56. Kornsá í Vatnsdal,-1924. Eig. Anna Johannessen
57. Útsýn frá Þingeyrum,-1924. Eig. Haraldur Gíslason
58. (Frá Eyjafirði), -1920. Eig. Jón Steffensen, próf.
59. Málverk,-1915. Eig. Margrét Magnúsdóttir
60. Gamlir hlutir,-1917. Eig. Stefán Thors
61. (Hjalteyri), -1920. Eig. Margrét Magnúsdóttir
62. Frá Slútnesi, 1914. Eig. Listasafn Íslands
63. (Úr Eyjafirði), -1920. Eig. Kristín og Einar B.
 Pálsson, verkfr.
64. Torfunefsþryggjan á Akureyri,-1924. Einkaeign
65. Smali á kvíavegg,-1952. Eig. Sigriður Cl.
 Þorbjarnarson
66. Hekla,-1937. Eig. Jóhanna Ólafsdóttir
67. (Hjalteyri), -1924. Eig. Hólmfríður Árnadóttir
68. Skammdegissói,-1952. Eig. Hermína Sigurgeirs.
 Kristjánsson, pianók.
69. Tvær systur, 1930. Eig. Hulda Valtýsdóttir,
 Gunnar Hansson
70. "Systa", 1928. Eig. Hulda Valtýsd., Gunnar
 Hansson
71. Helga, 1927. Eig. Kristín Thors
72. Ball á bryggjunni á Sigrufirði,-1923.
 Eig. Anna Johnsen
73. Íslensk stúlka, 1917. Eig. Hulda Á. Stefánsdóttir
74. Málverk,-1920. Eig. Vilhjálmur Jónsson, forstj.
75. Ljóshærð kona, 1915. Eig. Þórunn Klemensdóttir
76. Dökkhærð kona, 1916. Eig. Stefán Thors
77. Málverk,-1920. Eig. Hannes Pétursson, rithöf.
78. Málverk. Eig. Verzlunarbanki Íslands
79. Útsýn frá Laufásvegi,-1937. Eig. Ágústa
 Ágústsdóttir
80. Eirlísjökull og Strútur, 1946-1958.
 Eig. Hulda Valtýsd., Gunnar Hansson
81. (Af Öskjuhlíð), 1945-1958. Eig. Björn Thors
82. (Frá Borgarfirði), -1934. Eig. Bergljót Sigurjónsson
83. Málverk, -1958. Eig. Geir Hallgrímsson
84. (Séð til Vestmanneyja), 1945-1958. Eig.
 Morgunblaðið
85. Mælifellshnjúkur,-1936. Eig. Arent Claessen
86. Gullfoss,-1923. Eig. Stefania Guðjónsdóttir
87. (Múlakot). Eig. Halldór Eiriksson
88. Barkarstaðir,-1949. Eig. Helga Vilhjálmsdóttir,
 Magnús Magnússon
89. Við fjósið, 1950. Eig. Listasafn Íslands
90. (Blóm), -1928. Eig. Sverrir Sch. Thorsteinsson
91. Hverfjall,-1923. Eig. Sigríður Jónsson
92. Páll Einarsson,-1958. Eig. Hæstiréttur
93. Eyjafjallajökull, 1950. Eig. Margrét og
 Órn Ó. Johnson
94. Haust í Þingvallahrauni,-1935. Eig. Svala Waage
95. Kalldidalur,-1931. Eig. Þórunn Kvaran
96. Á Öskjuhlíð. Eig. Sonja Diego, blaðam.
97. Ferðafólk,-1950. Eig. Ágústa Johnson
98. (Blóm). Eig. Ólafur Ólafsson
99. (Blóm),-1950. Eig. Anna Kristinsdóttir
100. (Þingvallavatn),-1936. Eig. Margrét og Egill
 Kristjánsson
101. Við Goðafoss,-1936. Eig. Jóhanna Zimsen
102. Vífilsfell,-1936. Eig. Þórður Þ. Þorbjarnarson
103. í Fljótsdal, 1945-1958. Eig. Kjartan Thors
104. Þingvellir,-1957. Eig. Þorsteinn Bjarnason
105. Fjallasýn frá Þorlákshöfn,-1952. Eig. Othar
 Ellingsen
106. Botnssúlur frá Þingvöllum,-1934. Eig. Bergljót
 Sigurjónsson
107. Kvöld í baðstofu,-1952. Eig. Búnaðarbanki Íslands
108. Öræfajökull,-1958. Eig. Sæmundur Ólafsson
109. (Almannagjá, Skjaldbreiður). Eig. Margrét
 Magnúsdóttir
110. (Uppstilling). Eig. Björgvin Schram
111. Við þvottalaugarnar,-1928. Eig. Geir Hallgrímsson
112. í Húsafelisskógl, 1947-1958. Eig. Morgunblaðið
113. (Blóm). Eig. Ólafur Ólafsson
114. Við Hagavatn,-1952. Eig. Sr. Jón Auðuns
115. Innsýn í Þórsmörk,-1954. Eig. Birgir Einarson,
 apótekari
116. Við Ellíðaár,-1955. Eig. Ágústa Ágústsdóttir
117. Hverir,-1954. Eig. Hulda Valtýsdóttir,
 Gunnar Hansson
118. Öræfajökull,-1942. Eig. Guðný Óskarsdóttir
119. Úr þjórsárdal,-1957. Eig. Nanna Ágústsdóttir
120. Hekla,-1937. Eig. Björgvin Schram
121. í Haukadali,-1948. Eig. Sigurður H. Egilsson og frú
122. (Blóm). Eig. Gyða Thors
123. í Kerlingafjöllum,-1948. Eig. Ragnar Thorsteinsson
124. (Þórsmörk), 1947-1959. Eig. Jón B. Þórðarson,
 kaupm.
125. Keilir,-1940. Eig. Halldór H. Jónsson, arkitekt
126. (Dyrhólaey), 1940. Eig. Jón Sigtryggsson, fv.
 professor
127. Furan á Þingvöllum,-1941. Eig. Sigriður Thorsteinsson
128. Hrafnabjörg,-1935. Eig. Stefania Guðjónsdóttir
129. Málverk, 1952-1958. Eig. Hulda Valtýsdóttir,
 Gunnar Hansson
130. Baula,-1941. Eig. Steinunn Sveinsdóttir
131. (Rauðhólar, Esja), 1952-1958. Eig. Hulda Valtýsd.,
 Gunnar Hansson
132. Blóm í körfu, bolli,-1958. Eig. Sverrir Sch.
 Thorsteinsson
133. Öræfajökull, 1937. Eig. Listasafn Íslands
134. (Herðubreið),-1920. Eig. Gunnar Schram, fv.
 ritsímastj.
135. Þórðarhöfði,-1924. Eig. Bergsveinn Ólafsson,
 læknir.
136. Haustlitir,-1950. Eig. Hulda Valtýsdóttir,
 Gunnar Hansson
137. Skólateikningar
138. Frumdrög og skissur